



Jafnréttisáætlun fyrir leikskóla Borgarbyggðar

Sveitarfélagið Borgarbyggð hefur gefið út jafnréttisáætlun sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 14. ágúst 2008. Markmið hennar er að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum möguleikum kvenna og karla.

Áætlun leikskóla Borgarbyggðar í jafnréttismáum byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008, hún tekur til nemenda, foreldra og starfsmanna. Samskipti einstaklinga eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Skólayfirvöldum og stjórendum leikskóla Borgarbyggðar er skylt að hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi og veita börnum og unglingum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti kynjanna (Lög nr. 10/2008, gr. 23 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla). Gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti móta framur öðru góðan starfsanda. Kynbundin og kynferðisleg áreitni er óheimil, í hvað formi sem hún birtist saman ber 22.gr laganna. Leikskólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans, útfærslu hennar og eftirfylgni. Árlega endurskoðar starfsmannahópurinn jafnréttisáætlunina og gerir aðgerðaráætlun fyrir næsta skólaár.

Leikskólastarf, nemendur og foreldrar

Í lögum um jafna stöðu og jafna rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gr. 23 er segir:

„Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþróttá- og tómstundastarfi.

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.“

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í Aðalnámskrá leikskóla er víða fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Þar er áherslan á að bæði kynin hafi jafnan rétt til náms, þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri

fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika, hvergi í skólastarfinu ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins.

Í leikskóla er sérstaklega kveðið á um að starfshættir leikskóla skuli mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Samkvæmt lögum nr. 10/2008, gr. 22 um kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni segir :

„Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstaðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.“

Í starfinu skal:

- Gera sömu kröfur til stráka og stelpna
- Stuðla að því að strákar og stelpur leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum
- Efla stráka í heimilisleik og stelpur í smíðaleik
- Huga að því að tala ókynbundið til barnanna, nota frekar orðin börn eða krakkar í stað strákar/stelpur
- Stuðla að samleik og vináttu milli stráka og stelpna
- Forðast staðalímyndir í bókum og/eða söngtextum
- Leitast við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu á deildum, hópastarfi og öðru starfi
- Grípa til sérstakra ráðstafana til að koma í veg fyrir kynbundna eða kynferðislega áreitni með reglulegu eftirliti

Í foreldrasamstarfi er mikilvægt að:

- Stuðla að góðu samstarfi við báða foreldra
- Leggja áherslu á að báðir foreldrar mæti í foreldraviðtöl
- Hringja jafnt í föður og móður ef eitthvað er
- Beina upplýsingum til beggja foreldra

Starfsfólk leikskóla

Í lögum um leikskóla kemur fram að starfsfólk leikskóla skuli rækta starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Jafnframt að starfsfólk skuli gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.

Í anda jafnréttislaganna eiga stjórnendur að leitast við að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að starfsmenn, jafnt karlar sem konur, geti samræmt sem best starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Gert er ráð fyrir að báðir foreldrar sinni veikindum eigin barna.

Starfsþróun og símenntun á að vera aðgengileg báðum kynjum. Starfsmenn fái fræðslu um nýjungar á sviði jafnréttismála, taki þátt í umræðu og kynni sér rannsóknir og skóla sem náð hafa árangri.

Þess skal gætt að í öllum starfsháttum skólans að starfsmönnum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, ætternis, fötlunar, heilsufars, uppruna, trúar- eða stjórnmálaskoðana. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja.

Stuðla skal að því að karlar jafnt sem konur ráðist til starfa og skulu jafnréttissjónarmið, til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið, lögð til grundvallar við ráðningar starfsmanna. Leitast skal við að meta ólík starfsvið, ólíka reynslu og menntun karla og kvenna.

Lögð skal áhersla á að hafa opna umræðu um jafnréttismál.

Samþykkt á leikskólastjófafundi 5. mars 2015

Steinunn Baldursdóttir leikskólastjóri í Klettaborg

Kristín Gísladóttir leikskólastjóri í Uglukletti

Sjöfn V. Vilhjálmisdóttir leikskólastjóri í Hnoðrabóli

Valdís Magnúsdóttir leikskólastjóri í Andabæ